

# Rýmingaráætlun vegna eldsvoða fyrir Kirkjuból

## BOÐ FRÁ BRUNVIÐVÖRUNARKERFI

Leikskólastjóri eða staðgengill hans og deildarstjórar frá hverri deild fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis til að athuga hvaða brunaboði fór í gang og hvort um eld sé að ræða.

Rýma skal húsið þó svo einungis sé reykur.

## RÝMING DEILDA.

Leikskólakennarar undirbúa rýmingu deildarinnar:

Viðveruskráin er geymd í Ipöðum(Karellen) og \_\_\_\_\_ber ábyrgð á að taka hana með út úr húsinu.

\_\_\_\_\_ ber ábyrgð á að fara inn í öll herbergi deildarinnar til að fullvissa sig um að ekkert barn sé þar inni ennþá.

\_\_\_\_\_ ber ábyrgð á að hjálpa börnunum út um dyrnar eða gluggann eftir því hvor leiðin er farin.

\_\_\_\_\_ ber ábyrgð á að fara með börnin á (söfnunarstaðinn í garðinum)

Heiði = Hornið fyrir ofan rólur

Lundur = Litla húsið við kastalann

Holt = Sandkassa

Sá aðili sem fer síðastur út af hverri deild skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um leikskólann og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

## VERKEFNI Á SÖFNUNARSVÆÐI UTANHÚSS.

Deildarstjóri telur hversu mörg börn eru skráð í viðveruskrána og telur börnin. Þar á eftir er nafnakall. Gefur leikskólstjóra upp fjölda barna. Hver deild hefur afmarkað svæði og deildarstjóri heldur utan um sinn hóp

## **VERKEFNI LEIKSKÓLASTJÓRA** (eða staðgengils hans).

Leikskólastjóri hringir í neyðarlínuna í síma 112. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir að taka með út upplýsingar um símanúmer foreldra barnanna og GSM síma/þráðlausan síma. Þessar upplýsingar eru í 3G-Ipad leiksólans sem er við hurðina á skrifstofu leikskólastjóra. Hann fer milli hópa og safnar saman upplýsingum um fjölda barna og hvort öll börn eru komin út úr leikskólanum. Veitir varðstjóra slökkviliðsins þessar upplýsingar þegar það kemur á staðinn.

Fara með börn og starfsfólk í (nærliggjandi byggingu - Vídalínskirkju) eða bíða eftir strætisvagni á vegum slökkviliðsins.

## **HVAÐ RÆÐUR HVOR LEIÐIN ER FARIN ÚT AF DEILDINNI**

Það fer eftir því hvar eldurinn er og hversu mikill reykur er. Nota dyrnar þegar það er hægt.

## **BJÖRGUN HREYFIHAMLAÐRA**

Séu einstaklingar í leikskólanum sem hafa skerta eða enga möguleika á að bjarga sér sjálfir, þarf að skipuleggja björgun þeirra úr byggingunni. Skal þetta ákvæði skoðað á hverju hausti (eða á þeim tíma sem leikskólinn velur) og búið til sérstakt skipulag varðandi hreyfihamlaða sem gildir til eins árs í senn.

## **KYNNING OG ÞJÁLFUN**

Starfsfólk sem að jafnaði dvelst í leikskólanum þarf að hafa lágmarksþekkingu á eldvörnum og þá sér í lagi m.t.t. byggingarinnar. Kynna þarf starfsfólki áætlunina, forsendur hennar og fyrirkomulag og hlutverkaskipan. Að flóttaráætlunin sé æfð er forsenda þess að hún virki þegar til á að taka.

## **VIÐHALD ÁÆTLUNAR**

Flóttaráætlun þarf að vera sjálfbær í þeim skilningi að hún sé sívirk þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á ytri aðstæðum svo sem starfsmönnum, starfsemi eða húsnæði. Í þessu felst meðal annars að við endurnýjun starfsfólks þarf að veita nýliðum sömu fræðslu og þeir hafa sem fyrir eru. Sér í lagi þarf að tryggja að starfsmenn með sérstakt hlutverk skilji ekki eftir sig skarð. Einnig þarf að uppfæra og aðlaga áætlunina að þeirri reynslu sem fæst á æfingum og að sjálfsögðu að æfa.

## **SKRÁNING ÆFINGA**

Halda þarf utan um hvernig æfing hefur gengið, hvað vel og hvað illa. Það sem betur má fara þarf að skila sér í þjálfun og fræðslu til starfsmanna eða í endurskoðun á áætluninni. Og síðast en ekki síst þarf að hafa æfingaráætlun sem tryggir að æfingar séu haldnar.